



## Breyttar varnarlínur vegna sauðfjársjúkdóma

ENDURSKOÐUN sóttvarnasvæða átti sér nýlega stað með útgáfu auglýsingar nr. 793/2009 um varnarlínur vegna sauðfjársjúkdóma. Með breytingunum hafa ýmsar varnarlínur verið lagðar niður og varnarhólfín stækkuð. Mestu breytingarnar eru á Vesturlandi og í V-Skaftafellssýslu, en einnig hafa breytingar verið gerðar á Vestfjörðum og á Suð-Austurlandi. Við breytingarnar var fyrst og fremst horft til útbreiðslu riðuveiki vegna þess að hún er eini landlægi búfjársjúkdómurinn í svokölluðum A-flokki, sem er alvarlegasti flokkur sjúkdóma, og garnaveiki sem er ólæknandi sjúkdómur í B-flokki sem einnig getur lagst á nautgripi. Báðir þessir sjúkdómar hafa valdið íslenskri sauðfjárrækt verulegu tjóni fram á þennan dag.

Fyrstu girðingarnar til varnar útbreiðslu sauðfjársjúkdóma voru reistar 1937. Þær voru forsenda þess að útrýming á mæðiveiki, fellilús og fjárkláða tókst.

Með þessum breytingum verður flutningur á sauðfé og nautgripum frjálsari á stórum svæðum en verið hefur en flutningur yfir varnarlínur er ennþá óheimill nema í sérstökum undantekningartilfellum. Mikil ábyrgð hvílir einnig á búfjáreigendum sjálfum að verja sinn bústofn

gegn sjúkdómum og sýna jafnframt ábyrgð gagnvart öðrum.

Mikilvægt er við kaup á sauðfé að fá upplýsingar um heilbrigði fjárens á bænum sem kaupa á frá og að seljandinn veiti réttar upplýsingar. Bændur sem ekki þekkja sjúkdóma eins og lungnapest, kregðu, tannlos og kylapest ættu að gera sér grein fyrir hvers virði það er að vera laus við þá og forðast fjárkaup, en nota heldur sæðingar til kynbóta. Fjárkaup ættu alfarið að miðast við lömb, þeim fylgir minnst smithætta og minni hætta er á að lömbin leggist í flakk þegar þau eru rekin á fjall, heldur en fullorðnar ær sem leita gjarnan á þá afrétti sem þær þekkja.

Á næstu misserum mun Matvælastofnun leggja áherslu á að bæta upplýsingar um sjúkdóma-stöðu og smithættu innan hvers varnarhólfs til þess að auðvelda enn frekar tryggan flutning fjár.

Þriðjudaginn 27. október verður haldinn fræðslufundur í Ásgarði á Hvanneyri kl. 16:00 til 17:00 þar sem gerð verður grein fyrir breytingum á varnarlínunum og sóttvörnum.

Porsteinn Ólafsson, dýralæknir nautgripa- og sauðfjársjúkdóma



Vefur Matvælastofnunar

[www.mast.is](http://www.mast.is)